

Ályktun um samstarf um umdæmisráð barnaverndar

66. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haust haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021 samþykkir að sveitarfélögin á Vestfjörðum stofni og reki sameiginlegt umdæmisráð barnaverndar frá 1. janúar 2022 í samræmi við ákvæði 6 gr. laga nr. 107/2021 ákvæði e. (lög um breytingar á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (barnaverndarþjónusta, samþætting ofl.))

Sveitarfélögin samþykkja að samstarf verði haft um mótun stefnu um sameiginlegt verklag barnaverndarþjónustu á Vestfjörðum á árinu 2022.

Lokið verði við vinnu við skipan ráðsins og ákvarðanir um tilhögun á skiptingu kostnaðar verði teknar fyrir 15. desember 2021.

Greinargerð:

Í kjölfar lagasetningar um farsæld barna má gera ráð fyrir umtalsverðum breytingum á barnaverndarþjónustu á svæðinu sem sveitarfélögin gætu haft umtalsverða hagsmuni af að takast á við sameiginlega.

Ísafjarðarbær hefur lýst vilja til að reka áfram barnaverndarþjónustu og hefur lýst áhuga á að annast barnaverndarþjónustu fyrir önnur sveitarfélög á svæðinu með beinum samningum.

Flutningsmaður tillögu: Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ